

Mánudaginn 20. októbrmán.

Nr. 21/1879

Rjettvísín

gegn

prestskonu Elínborgu Kristjánsdóttur

## D ó m u r :

Í máli því, sem hér er áfrýjað, og sem höfðað er í hjerði að boði amtmannsins í suður og vesturamtinu gegn prestskonu Elínborgu Kristjánsdóttur á Staðarhrauni útaf því, að hún hafi haft um hönd skottulækningar og óleyfilega meðalásölu, hefur hin ákærða játað, að hún, um síðast liðin 6 ár, hafi fengizt við lækningar, bæði eptir reglum homöopatha og allopatha, og styðst þessi játning hennar af samhljóða framburði allmargra vitna. Það er ekki sannað, að lækningatilaunir hinnar ákærðu hafi orðið nokkrum að meini, en nokkur vitni hafa borið, að þær hafi orðið sjúklingum að liði.

Undirdómarinn hefur álitið, að hin ákærða, sem ekki hefur leyst af hendi opinbert próf í læknisfræði, nje heldur á annan veg fengið leyfi til að fara með lækningar, hafi brotið gegn fyrirmælum tilskip. 5 septbr. 1794, 5. gr., sbr. tilskip. 24. jan. 1838, 1. gr., og geti það ekki leyst hana undan sekt, að hún ekki, svo sannað verði, hafi valdið neinu tjóni með lækningatilaunum sínum, og með dómi, gengnum fyrir aukarjetti Mýra og Borgarfjarðarsýslu 26. dag aprílmán. þ. á., hefur hann dæmt hina ákærðu fyrir óleyfilegar lækningatilaunir í 40 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð Hraunhrepps, og til að greiða allan kostnað af máli þessu.

Á hinn bóginn hefur undirdómarinn dæmt hina ákærðu sýkna að því snertir óleyfilega meðalásölu, með því að það er ekki sannað, að hún hafi heimtað eða tekið við borgun fyrir lyf þau, sem hún hefur látið úti, þótt hún

að vísu hafi þegið borgun fyrir átroðning og ónæði, er samfara er meðalaútlátum hennar, þegar hún var boðin fram.

Á þessa niðurstöðu, sem undirdómarinn hefur komizt að í þessu máli, verður yfirdómurinn að öllu leyti að fallast, eins og líka á ástæður þær, sem hún er byggð á, og ber því að staðfesta undirrettardóminn með þeirri breytingu, að sektin samkvæmt tilskipun 24. janúar 1838, 3. gr., einungis verði 20 krónur, og ber hinni ákærðu einnig eptir málavöxtum að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors, í málaflutningslaun.

Þess ber að geta, að málið í hjerði hefur verið nefnt: «hið opinbera gegn prestskonu Elínborgu Kristjánsdóttur», en með því annars að öllu leyti er farið með málið sem sakamál, þá getur þetta atriði ekki haft nein áhrif á úrslit málsins, og því vottast, að meðferð málsins í hjerði og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Dómi undirrettarins í máli þessu skal óraskað, þó þannig, að sektin sje 20 krónur. Hinni ákærðu, prestskonu Elínborgu Kristjánsdóttur, ber að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal í málaflutningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Jóns Jónssonar og Páls Melsteðs, 10 kr. til hvors þeirra.

Hið ídæmda greiðist innan 8 vikna frá löglegri birtingu dóms þessa undir aðför að lögum.